



Mannréttindaráð
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík, 13. apríl 2026
MSS24060082

Upplýsingaefni um eldra fólk og ofbeldi á vef Reykjavíkurborgar

Sett hefur verið á vef borginnar upplýsingaefni um eldra fólk og ofbeldi. Efnið snýr bæði að heimilisofbeldi en einnig að fjárhagslegu ofbeldi.

Þetta er unnið samkvæmt aðgerð nr. 33 í aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2025-2028. Markmiðið er að aldrað fólk hafi aðgengi að upplýsingum um heimilisofbeldi og fjárhagslegu ofbeldi. Meðal annars eru settar fram upplýsingar um það hvert er hægt að leita til að fá aðstoð.

Óskað er eftir því að fá tækifæri til að fara yfir þetta efni með mannréttindaráði og fulltrúum í öldungaráði sem og fulltrúum sem sitja fundi þegar ofbeldisvarnarmál eru til umfjöllunar. Allar ábendingar um það sem betur má fara í efnistöðum og framsetningu eru vel þegnar.

Virðingarfyllt,
Halldóra Dýrl. Gunnarsdóttir
Mannréttindaskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla